

Ársyfirlit ríkissáttasemjara 2012

Í upphafi árs 2012 voru í gildi kjarasamningar við þorra stéttarfélag jafnt á almennum og opinberum vinnumarkaði. Á árinu 2012 var 17 deilumálum vísað til sáttasemjara til sáttameðferðar.

Í lögum nr. 80/1938 með síðari breytingum, er starfsskyldum ríkissáttasemjara lýst. Auk þess að miðla málum í einstökum kjaradeilum er honum skylt að fylgjast með ástandi og horfum í atvinnulífinu, þróun kjaramála og atriðum sem valdið gætu ágreiningi á vinnumarkaði. Þá ber honum að senda velferðarráðherra skýrslu um störf sín árlega.

1. Gildandi kjarasamningar

Samkvæmt lögum skal ríkissáttasemjari „halda skrá yfir gildandi kjarasamninga og er samtökum launafólks og atvinnurekenda, svo og ófélagsbundnum atvinnurekendum, skylt að senda honum samrit allra kjarasamninga sem þeir gera jafnskjótt og þeir hafa verið undirritaðir.“ Almennt er þetta ákvæði virt af samningsaðilum, hvort heldur samningar eru gerðir í húsnæði ríkissáttasemjara eða utan þess.

Þann 10. janúar 2013 höfðu 214 kjarasamningar verið skráðir hjá embættinu, sjá **Kjarasamningar gerðir 2011 og 2012**. Í eftirfarandi töflu koma fram upplýsingar um gildistíma þeirra samninga sem gerðir voru 2011 og 2012:

Bandalag launþega	Gildistími - samningar sem renna út 2014						
	31. jan.	31. mars	30. apríl	30. júní	30. sept.	31. des.	Alls
ASÍ	60	13	9	5	4	-	91
BHM	-	25	-	2	-	-	27
BSRB	7	26	-	7	5	-	45
KÍ	-	4	-	6	-	-	10
FFSÍ	1	-	-	1	-	-	2
Utan bandalaga	14	18	-	1*	1	1	35
Alls	82	86	9	22	10	1	210

*Gildir til 31. ágúst 2013

Kjarasamningar hafa í janúar 2013 verið gerðir fyrir nánast allan vinnumarkaðinn í landinu ef frá eru taldir samningar milli útvegsmanna og viðsemjenda þeirra. Þorri samninga gildir til fyrsta ársfjórðungs 2014 og aðrir falla úr gildi síðar á árinu. Tveir samningar gilda til 2015 og tveir aðrir til 2016. Á árinu 2012 rann kjarasamningur Félags grunnskólakennara við sveitarfélögin sitt skeið og standa viðræður yfir.

Yfirlitið ber með sér að gildistími samninga er mismunandi innan ársins 2014. Samningar á almennum markaði gilda jafna til loka janúar en á opinberum markaði til loka mars. Í samræmi við ákvæði samninga um mögulega uppsögn þeirra, er nú unnið að ákvörðun þar um

og þarf niðurstaða að liggja fyrir eigi síðar en 21. janúar n.k. Aðilar á opinbera vinnumarkaðnum munu taka sjálfstæða ákvörðun um gildistíma samninga sín á milli.

2. Deilur í sáttameðferð

Á árinu 2012 var 17 deilumálum vísað til sáttameðferðar eins og áður segir, en til samanburðar voru þau 63 talsins 2011.

Yfirlit um vísuð mál 2012 og úrlausn þeirra

Úrlausn mála:	Fjöldi mála
1. Samningar staðfestir í atkvæðagreiðslu	8
2. Mál dregin til baka	1
3. Sérstakt samkomulag gert	1
4. Mál í vinnslu í árslok 2012	7
Alls	17

Af óleystum málum er fyrirferðarmest deila Landsambands íslenskra útvegsmanna við stéttarfélög sjómanna og deila Sambands íslenskra sveitarfélaga við Félag grunnskólakennara. Í þessum deilum hafa staðið yfir viðræður stóran hluta ársins 2012.

Lög kveða á um að ríkissáttasemjara beri að halda yfirlit um sáttafundi í vísuðum málum og skrá fundargerðir að fundum loknum. Alls eru skráðir 316 fundir á árinu 2012, þ.a. 55 í málum sem var vísað til ríkissáttasemjara, sjá yfirlit. Eðli máls samkvæmt tekur mislangan tíma að leiða einstök mál til niðurstöðu. Ólíkt er hve margir fundir eru haldnir þar til samningar nást. Eftirfarandi yfirlit gefur mynd af þessu:

Formlegir fundir í vísuðum málum 2011 og 2012, þar sem samningar náðust

Fundafjöldi	2012	2011
1-5 fundir	8	41
6-10 fundir	2	12
11-15 fundir		8
15-20 fundir		5
21 fundur eða fleiri		1
Alls	10	67

Í lok árs 2012 var staðan sú að sátt hafði náðst í 9 málum, eitt mál var degið til baka og 7 mál eru enn til úrlausnar.

3. Viðfangsefni til skoðunar

Kjarasamningar og kjaraviðræður undanfarinna missera gefa tilefni til umfjöllunar og hvetja til sérstakra athuguna. Slík vinna er raunar þegar hafinn því leiðandi aðilar á vinnumarkaði, jafnt vinnuveitendur og launfólk, efndu nýlega til funda og umræðna um hvað megi betur fara í þessu efni. Í nóvember 2012 var haldin ráðstefna um ýmsa fleti kjarasamningagerðarinnar hér á landi. Leitað var upplýsinga um hvernig unnið er að þessum málum í Noregi, Danmörku og Svíþjóð og hvaða lærdóm megi af því starfi draga. Góð samstaða virtist um að í aðdraganda nýrra kjarasamninga 2014 sé ráðlegt að vinna að tveim málefnum til úrbóta.

Sú skoðun er almenn að núverandi ákvæði laga um gerð og tilgang „viðræðuáætlana“ til undirbúnings kjarasamninga hafi ekki reynst eins og til var stofnað. Samstaða er um að skoða þurfi tilgang viðræðuáætlana og hvernig megi bæta eiginlega vinnu að gerð samninga. Varðar þetta framsetningu krafna og tilboða, gildistíma samninga og tímann sem til samningagerðarinnar er ætlaður, fundarhöld og fleira. Samstaða er um að gera megi bragabót hér á, án þess að lögum sé nauðsynlega breytt.

Síðara atriðið er það, að þekking samningsaðila á efnahagsforsendum er afar mikilvæg en aðstæður samningsaðila eru ólíkar hvað þetta varðar. Ræður þar miklu, hvort og innan hvaða landssamtaka og bandalaga stéttarfélög og fyrirtæki starfa. Stuðnings nýtur að faglegur grunnur fyrir kjarasamningagerðina sé að nokkru marki lagður sameiginlega. Tekur þetta til hagfræðilegs mats á efnahagsþróun s.s. þróun launa, verðlags og kaupmáttar, mats á stöðu atvinnugreina og á áhrifum stefnu og aðgerða opinberra aðila, ríkis og sveitarfélaga.

Sáttasemjari hefur bent á fleira sem tengist kjarasamningum og væri verðugt að rannsaka. *Í fyrsta lagi*, hvort og í hverju kjarasamningar gerðir á síðustu tveim árum eru frábrugðnir. Almenni vinnumarkaðurinn leiddi samningagerðina á árinu 2011 með undirritun nýs kjarasamnings 5. maí 2011. Aðrir kjarasamningar, bæði á almennum vinnumarkaði og hinum opinbera, byggja á sömu eða áþekktum forsendum. *Í annan stað* þyrfti að kanna, hvort munur er á kjarasamningum eftir atvinnugreinum. Afkoma atvinnugreina og einstakra fyrirtækja er æði misjöfn og ræðst af efnahagsaðstæðum og samkeppnisstöðu. Athugunarefni er, hvort og að hvaða marki útflutningsgreinarnar leiða kjarapróun í landinu. Í nágrannalöndunum er viðurkennt að þær greinar hafa leiðandi hlutverk. *Í þriðja lagi* væri verðugt að kanna áhrif kjarasamninga á efnahagsþróunina í heild. Síðustu samningar færðu launafólki nokkra kaupmáttaraukningu á árinu 2011 og 2012. Árangrinum er þó misskipt og ræður þar efni kjarasamninganna, launaskrið umfram það sem samningar kveða á um og almenn efnahagsþróun í landinu. Hagfræðileg athugun á áhrifum síðustu kjarasamninga á efnahagsstöðugleika væri þörf.

Hjálagt:

Sáttamál 2012.

Kjarasamningar gerðir 2011 og 2012 -Yfirlit yfir kjarasamninga einstakra félaga og sambanda.